

Bæjarlíf – Skólalíf

Gestagangur

Það er oft gestkvæmt í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og var febrúarmánuður engin undantekning á því. Kennarar og skólastjórnendur frá Vestmannaeyjum þurftu að fresta heimsókn til okkar í upphafi mánaðarins vegna veðurs en stjórnendur frá Bláskógaskóla voru á ferðinni og kynntu sér skólastarfið einn föstudaginn. Náms- og starfsráðgjafar frá Fjölbrotaskóla Suðurlands heimsóttu 9. og 10. bekkinga um miðjan mánuðinn og kynntu skólann fyrir væntanlegum framhaldsskólanemendum. Sigga Dögg kynfræðingur kom til okkar öðru sinni þennan veturinn. Nú hélt hún fyrirlestur fyrir starfsfólk um kynhegðun ungra barna og hvað getur talist eðlilegt í því sambandi. Seinnipart dags voru foreldrar leikskólabarna og foreldrar nemenda í 1.-5. bekk boðaðir á fyrirlestur um sama efni. Var ágæt mæting og mæltist fyrirlesturinn vel fyrir.

Öskudagsfjör

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur voru að vanda haldnir hátíðlegir í skólanum. Þar bar hæst öskudagsskrúðgöngu og dans í matsal. Magnþóra, Karl Óskar og Kjartan Ægir fóru fyrir skrúðgöngunni ásamt 7. bekkingum sem aðstoðuðu með söng og ásláttarhljóðfæri. Anna Berglind og stelpurnar í dansvalinu héldu uppi dansstuðinu í salnum í lok göngunnar. Þetta er alltaf mikið fjör og gekk afar vel þetta árið. Sama má segja um öskudagsballið sem foreldrafélagið hélt í íþróttahúsinu seinnipart sama dags.

Upplestrarkeppni

Nemendur 7. bekkjar taka á hverju ári þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Hún fer þannig fram að hver skóli velur þrjá fulltrúa til að keppa fyrir sína hönd og fara þeir í lokakeppni ásamt fleiri skólum á Suðurlandi. Áður en fulltrúar skólans eru valdir fer fram markviss þjálfun í upplestri og hefst sú þjálfun alltaf á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Keppnin í okkar skóla var að þessu sinni tvíþætt. Í fyrri umferð lásu allir nemendur í hvorri bekkjardeild og voru samtals 11 nemendur valdir til að lesa í sjálfri skólakeppninni sem fór fram fimmtudaginn 22. febrúar. Þeir sem báru sigur úr bítum þar voru Silvia Rós Valdimarsdóttir, Ernest Brülinski og Ingunn Guðnadóttir og til vara Elísabet Bjarney Davíðsdóttir. Allir keppendur stóðu sig með mikilli þryði og augljóst að þeir hafa verið duglegir að æfa sig undir styrkri stjórn kennara sinna. Lokakeppnin verður 13. mars í Versölum og keppa nemendur okkar þar við nemendur Árborgar og Hveragerðis.

Með bestu kveðjum úr Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

Sigprúður Harðardóttir